

Nd.

8. Frumvarp til laga

[8. mál]

um samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja og stofnana.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til stofnana og fyrirtækja, sem starfrækt eru af einstaklingum, sameignarfélögum, ríki eða sveitarfélögum og hafa í þjónustu sinni 40 starfsmenn eða fleiri sem skila 20 eða fleiri vinnustundum á viku, miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár. Undanþegin lögnum eru þó Áburða-verksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan.

2. gr.

Við fyrirtæki eða stofnanir, sem lög þessi taka til, sbr. 1. gr., skal koma á fót samstarfsnefndum eigenda eða stjórnenda annars vegar og starfsmanna hins vegar. Samstarfsnefnd skal skipuð fjórum mönnum og jafnmörgum til vara. Tveir aðalmenn ásamt varamönnum þeirra skulu kjörnir af starfsmönnum stofnunarinnar eða fyrirtækisins samkvæmt reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur. Tveir aðalmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu tilnefndir af eigendum, ef um er að ræða stofnun eða fyrirtæki sem starfrækt er af einstaklingi eða sameignarfélagi, en af stjórnunarnefnd, ef um er að ræða fyrirtæki eða stofnun sem ríki eða sveitarfélag starfrækir — af forstöðumanni, ef engin stjórnunarnefnd er starfandi.

Skipun samstarfsnefndar skal vera lokið eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert og gilda til eins árs í senn.

3. gr.

Hlutverk samstarfsnefndar er að vera stjórnendum fyrirtækis eða stofnunar til ráðuneytis um hvaðeina er varðar vinnuaðstöðu, vinnutilhöggun og starfsumhverfi. Ávallt skal leita umsagnar nefndarinnar um allar umtalsverðar breytingar á húsnæði, búnaði vinnustaðar, starfsháttum, vinnuskipulagi og í skyldum málum. Samstarfsnefnd skal einnig fylgjast með hollustuháttum á vinnustað, öryggismálum og aðbúnaði starfsfólks og gera tillögur til stjórnenda um breytingar eða umbætur ef þurfa þykir. Beri slíkar tillögur ekki árangur eða fáist óskir fulltrúa starfsmanna í samstarfsnefnd um aðgerðir í slíkum málum ekki samþykktar í nefndinni, ber þeim að gera viðvart þeim opinberu aðilum sem eiga að annast lögboðið eftirlit með því að lágmarksreglum um slík atriði sé framfylgt.

4. gr.

Samþykktir samstarfsnefndar eru ekki bindandi fyrir fyrirtækið eða stofnunina né heldur stjórnendur eða eigendur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Frv. um sama efni og hér um ræðir var flutt af sömu flm. á síðasta Alþingi — þá sem I. kafli í frv. til laga um atvinnulýðræði á þskj. 315. M. a. vegna ábendinga, sem fram komu í umræðum um það frv., er málið nú endurflutt litillega breytt sem sérstakt þingmál, en í tengslum við þrjú önnur, þ. e. a. s. frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, frv. til l. um breyt. á l. um Áburðaverksmiðju ríkisins, nr. 43/1971, og frv. til l. um breyt. á l. um sementsverksmiðju, nr. 35/1948. Enda þótt frv. það, sem hér um ræðir, sé flutt í tengslum við framangreind þingmál — en efnisatriði þeirra voru öll í frv. til l. um atvinnulýðræði sem flutt var á síðasta þingi — er engu að síður um sjálfstætt mál að ræða, sem unnt er að útkljá og afgreiða út af fyrir sig ef mönnum sýnist svo.

Almennur tilgangur með flutningi þessa frv. og þeirra annarra í tengslum við það, sem að framan var á minnst, er að stigin verði fyrstu skrefin í átt til atvinnulýðræðis á Íslandi. Almennt um atvinnulýðræði vísast til grg. með frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, sem skv. framansögðu er flutt í tengslum við þetta mál af sömu flm., og til ítarlegrar grg. með frv. til l. um atvinnulýðræði á þskj. 315 frá því á síðasta Alþingi, en það er prentað í þingtíðindum. Þar er m. a. að finna ítarlega úttekt á stöðu þeirra mála í nokkrum nálægum löndum og rakin að nokkru saga þeirra tilrauna sem gerðar hafa verið hér á landi til þess að koma svipuðu skipulagi á.

Því verður að sjálfsgöðu ekki neitað, að það fylgir því nokkur vandi að fá vinnandi fólk á Íslandi í hendur rétt til ihlutunar um málefni atvinnufyrirtækja sem það starfar hjá. Sá vandi er fyrst og fremst vegna þess, hve fyrirtækjalöggjöf hér á landi er fábrotin og úrelt. Löggjöfin um hlutafélög er langt á eftir tímanum og þarfnast endurskoðunar, og lögum um samvinnufélög er í mörgu mjög áfátt. Engu að síður eru þó til lög um slík félagsform og því hægt að búa svo um hnútana að tryggja starfsfólki fyrirtækja, sem rekin eru af slíkum félögum, áhrif á stjórn þeirra með breytingum á umræddum lögum. Þá fyrst fer hins vegar að harðna á dalnum þegar litið er til fyrirtækja sem starfrækt eru af einstaklingum eða sameignarfélögum, því engin sérstök löggjöf er til um slík rekstrarform og vart á slík fyrirbæri minnst nema þá í lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, og svo auðvitað í skattalögunum. Hvorugur sá lagabálgur hentar þó beinlínis vel fyrir breytingar af því tagi sem vakir fyrir flm. þessa frv. með flutningi þess. Er þessi skortur á löggjöf um „einkafyrirtæki“ og sameignarfyrirtæki bagalegur ekki aðeins af þessum sökum, því nokkur slík fyrirtæki eru í hópi meiri háttar atvinnufyrirtækja á Íslandi.

M. a. af þessum sökum og einnig vegna þess, að skv. frv. er aðeins verið að stiga fyrsta spor í átt til atvinnulýðræðis, er lögð til sú bráðabirgðalausn, það skammtímamarkmið, að við fyrirtæki, sem rekin eru af einstaklingum eða sameignarfélögum, og fyrirtæki og stofnanir, sem starfrækt eru af ríki eða sveitarfélögum, verði komið á fót samstarfsnefndum. Valdsvið samstarfsnefnda af þessu tagi er og hlýtur ávallt að verða miklu takmarkaðra en átt er við með orðinu atvinnulýðræði að starfsfólk atvinnufyrirtækja öðlist. Réttur sá, sem starfsfólki „einkafyrirtækja“, sameignarfyrirtækja og fyrirtækja og stofnana í eigu hins opinbera er fenginn, er þannig mun minni en t. d. ætlunin er að fá starfsfólki hlutafélaga með flutningi frv. um

breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, þar sem gert er ráð fyrir því, að fulltrúar kjörnir af starfsmönnum taki sæti í stjórn hlutafélaga með sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn. En við því er ekki gott að gera eins og mál nú standa, þegar bókstaflega engin fyrirmæli er að finna í lögum um hvaða starfsreglum þær fyrirtækjagerðir skulu hlíta sem hér eru til umræðu — að undanskildum að sjálfsgöðu nokkrum meiri háttar stofnunum og fyrirtækjum hins opinbera sem sérstök lög eru til um. Er því eins og sakir standa mjög torvelt að koma við hliðstæðri réttinda-veitingu handa starfsfólki „einkafyrirtækja“ og sameignarfyrirtækja og ætlunin er af hálfu flm. að starfsfólk hlutafélaga fái með samþykkt frv. um breyt. á hlutafélagalögum. Var því brugðið á það ráð að gera tillögu að sérstakri og sjálfstæðri lagasetningu um samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja sem rekin eru af einstaklingum eða sameignarfélaginu. Þótti flm. eðlilegt að hafa sama hátt á gagnvart fyrirtækjum og stofnunum sem rekin eru af ríki og sveitarfélögum, að tveimur veigamestu atvinnufyrirtækjunum undanteknum, þótt formlega sé unnt að veita starfsfólki sumra þeirra aðild að stjórn eða stjórnunarnefnd. Flm. telja hins vegar eðlilegt og nauðsynlegt af ýmsum ástæðum að sett verði sérstök lög um fyrirtæki rekin af einstaklingum og um sameignarfélög hliðstæð lögum um hlutafélög og um samvinnufélög, og þá er sjálfsgagt að fella inn í slík lög ákvæði um aðild starfsfólks slíkra fyrirtækja að stjórnun þeirra.

Skýringar við einstakar greinar frv.

Við 1. gr.

Í grein þessari er sagt hvaða fyrirtæki og stofnanir það eru sem lögum er ætlað að ná til. Miðað er við öll fyrirtæki og stofnanir sem starfrækt eru af einstaklingum, sameignarfélögum, ríki eða sveitarfélögum og hafa ákveðin lágmarks-umsvif. Í því sambandi er miðað við að 40 starfsmenn hið fæsta hafi starfað hjá fyrirtækinu eða stofnuninni miðað við meðaltal næstliðinna þriggja ára og hálf dags starf eða meira hjá hverjum og einum. Fyrirtæki af þeirri stærð og stærri falla sem sé undir ákvæði laganna. Er þetta sambærileg viðmiðun og fram kemur í frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77/1921, sem þetta frv. er flutt í tengslum við.

Í 1. gr. eru gerðar tvær undanþágur frá ákvæðum laganna. eru það Áburðarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan, en sömu flm. flytja frv. um að starfsfólk þessara ríkisverksmiðja kjósi fulltrúa úr sínum hópi til setu í stjórnun þeirra.

Við 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skipan samstarfsnefnda. Miðað er við að ein nefnd verði starfrækt á vegum hvers fyrirtækis eða stofnunar sem fellur undir ákvæði 1. gr. Í hverri nefnd séu 4 aðalmenn og jafnmargir varamenn. Helmingur nefndarmanna verði kjörinn af starfsmönnum fyrirtækisins eða stofnunarinnar samkvæmt reglugerð sem félagsmálaráðherra setji, en hinn helmingurinn tilnefndur af eigendum, ef um er að ræða „einkafyrirtæki“ eða sameignarfyrirtæki, en stjórnendum, ef um opinbera stofnun eða fyrirtæki er að ræða.

Þá eru í 2. gr. ákvæði um hvenær skipun samstarfsnefndar skuli vera lokið — fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert — og um kjörtímabil, er vera skal eitt ár.

Við 3. gr.

3. gr. fjallar um hlutverk samstarfsnefnda. Ekki er ætlast til þess að nefndin gangi inn á verkvið annarra aðila, svo sem trúnaðarmanna verkalýðsfélaga, og hafi t. d. engin afskipti af launamálum. Viðfangsefni hennar er fyrst og fremst vinnustaðurinn sjálfur, tengsl milli starfsmanna og stjórnenda og samráð sem ætti að geta komið háðum aðilum til góða.

Einkum og sér í lagi er lögð áhersla á skyldur nefndarinnar í sambandi við aðbúnað á vinnustöð, starfsumhverfi o. þ. h. og á samráðsskyldu vinnuveitandans við hana um slík mál. Þá er beinlínis gert ráð fyrir því, að fulltrúar starfsmanna í samstarfsnefnd tilkynni til þess bærur opinberum eftirlitsaðilum um óskir sem ekki ná fram að ganga í sambandi við aðbúnaðar- og öryggismál, og ætti það í senn að geta orðið til aukins öryggiseftirlits á vinnustöðum, sem reyslan sýnir að ekki er vanþörf á, og eins verkað sem hvati gagnvart forráðamönnum um að hafast að.

Við 4. gr.

Ákvæði 4. gr. eru mjög eðlileg með tilliti til verksviðs samstarfsnefndar, enda óeðlilegt að annar aðili en sá, sem formlega telst stýra fyrirtæki eða stofnun, taki ákvarðanir í þess nafni. Næsta takmark flm. er auðvitað það, að starfsmenn öðlist beina aðild að ákvarðanatekt slíks aðila, en í grg. eru skýrðir þeir formlegu erfiðleikar sem á því eru að fá slíkt fram gagnvart fyrirtækjum af þeirri tegund sem hér um ræðir.

Við 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.